

**Sp.**

**166. Breytingartillögur**

[1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1965 og við brtt. á þskj. 148.

**I. Frá Skúla Guðmundssyni.**

Við 3. gr. A. Sundurliðun 2. (Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins). Við liðinn komi svo hljóðandi athugasemd:

Óheimilt er að veita nokkrum öðrum en sendiherrum og sendifulltrúum erlendra ríkja afslátt frá hinu ákveðna útsöluverði á vörum verzlunarinnar. Þó má veita Eimskipafélagi Íslands h/f, Skipaútgerð ríkisins og Frihöfninni á Keflavíkurflugvelli afslátt á verði á vörum, enda séu þær eingöngu seldar farþegum í utanlandsferðum, en komi ekki til neyzlu innanlands.

II.	Frá <i>Karli Kristjánssyni, Gísla Guðmundssyni og Ingvari Gíslasyni</i> . Við brtt. 148,23.19. (Við 13. gr. C. VII. — Hafnarmannvirki, Grenivík). Fyrir „300 000“ kemur .....	600 000
III.	Frá <i>Gísla Guðmundssyni, Karli Kristjánssyni og Ingvari Gíslasyni</i> . Við brtt. 148,23.22. (Við 13. gr. C. VII. — Hafnarmannvirki, Hauganes). Fyrir „200 000“ kemur .....	500 000
IV.	Frá <i>Karli Kristjánssyni, Gísla Guðmundssyni og Ingvari Gíslasyni</i> . Við brtt. 148,23.26. (Við 13. gr. C. VII. — Hafnarmannvirki, Húsavík). Fyrir „400 000“ kemur .....	700 000
V.	Frá <i>Gísla Guðmundssyni, Karli Kristjánssyni og Ingvari Gíslasyni</i> . Við brtt. 148,23. (Við 13. gr. C. VII. — Hafnarmannvirki). 1. Við 38. (Raufarhöfn). Fyrir „550 000“ kemur .....	1 000 000
	2. Við 53. (Þórshöfn). Fyrir „600 000“ kemur .....	1 000 000
VI.	Frá <i>Unnari Stefánssyni</i> . Við brtt. 148,52. (Við 14. gr. A. XIII. 37. a. — Gagnfræðaskólahús, Selfoss). Fyrir „875 000“ kemur .....	2 625 000
VII.	Frá <i>Gísla Guðmundssyni og Karli Kristjánssyni</i> . Við 14. gr. B. XIV. 10. (Rímnafélagið). Fyrir „20 000“ kemur .....	30 000
VIII.	Frá <i>Ágúst Þorvaldssyni og Ingvari Gíslasyni</i> . Við 14. gr. B. XIV. 49. Nýr liður: Til ungmenna- og átthagafélaga eða annarra aðila til þess að gera héraðskvikmyndir .....	25 000
IX.	Frá <i>Karli Kristjánssyni, Gísla Guðmundssyni og Ingvari Gíslasyni</i> . Við 22. gr. XXVIII. Nýr liður: Að taka lán allt að 3 millj. kr. — eða jafnvirði þeirrar upphæðar í erlendri mynt — vegna Tjörnesvegur í Suður-Þingeyjarsýslu.	

X. Frá *Gisla Guðmundssyni, Karli Kristjánssyni og Ingvari Gísla-*  
*syni.*

Við 22. gr. XXVIII. Nýr liður:

Að taka lán allt að 3 millj. kr. — eða jafnvirði þeirrar upphæðar í  
erlendri mynt — vegna Hálsavegar í Norður-Þingeyjarsýslu.